

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1985.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 31/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 171, 11. mars 1980, um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Við 1. lið auglýsingarinnar um vörur, sem heimilt er að flytja inn með allt að þriggja mánaða greiðslufresti bætist eftirtaldar vörur:

Tollskrárn.	Vöruheiti
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnetur.
úr 09.09.00	Kúmen.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni ("bakery additives", "dough developers" o.fl.), einkum samsett úr neysluhæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (monodi-eða triglyceridum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o.s.frv.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 19. gr. reglugerðar nr. 519, 14. desember 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1982.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.